

Snjóflóð í fornum annálum

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01032

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍReykjavík
Akureyri

Skýrsla nr NÍ-01032	Dags, Mán, Ár 29.12.2001	Dreifing X Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Snjóflóð í fornum annálum		Upplag 50
		Fjöldi síðna 27
Höfundar Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson		Verknúmer
Unnið fyrir Ofanflóðasjóð		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Safnað er saman á einn stað öllum upplýsingum um snjóflóð úr fornum annálum (874 900)		
Lykilorð Snjóflóð, annálar	Yfirfarið	

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR

3

SNJÓFLÓÐAANNÁLL

4

Inngangur

Hér er tekið saman á einum stað allt sem við höfum fundið í annálum um forn snjóflóð. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og er unnið fyrir Ofanflóðasjóð. Til að forðast tvíverknað höldum við til haga öllum upplýsingum um snjóflóð sem fundust í eftirfarandi heimildum: Gustav Storm; Islanske Annaler, Annálar 1400-1800, Pétur Guðmundsson; Annáll nítjándu aldar, Brandstaðaannáll, Fréttir frá Íslandi 1871-1900 (fylgirit Skírnis), Þorvaldur Thoroddsen; Árferði á Íslandi í 1000 ár.

Snjóflóðaannáll

- 1171:** SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR? Skriðna manna skaði (**Höyersannáll**).
1171: SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR? Skriðna manna skaði (**Resensannáll**).
1171: SNJÓFLÓÐ? Skriðnavetur (**Gottskálksannáll**).
1172: SNJÓFLÓÐ Skriðnavetur (1171?) (**Konungsannáll**).
- 1293:** SNJÓFLÓÐ? Skriða hljóp í Fagradal og létust XI menn (**Konungsannáll**).
1293: SNJÓFLÓÐ Hljóp snjóskaða á bæ í Fagradal, týndust 12 menn (**Höyersannáll**).
1293: SNJÓFLÓÐ Skriða hljóp í Fagradal, þar létust 11 menn (**Flateyjarannáll**).
1293: SNJÓFLÓÐ? Manntapi í Fagradal (**Gottskálksannáll**).
1294: SNJÓFLÓÐ? Skriða hljóp í Fagradal (sjá 1293). Þar létust XI menn (**Konungsannáll**).
1294: SNJÓFLÓÐ? Skriða hljóp í Fagradal (sjá 1293). Þar létust XI menn (**Resensannáll**).
1294: SNJÓFLÓÐ? Skriða hljóp í Fagradal og létust 11 menn (**Oddaverjaannáll**).
1294: SNJÓFLÓÐ? Skriða hljóp í Fagradal. Þar létust 12 menn (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).
- 1334:** SNJÓFLÓÐ Tók snjóskaða ij bæi fyrir norðan land og dó þar xx menn og ij. Í þeirri skriðu lifði i stúlka xij dægur og komst lífs í brottu (**Annálsbrot frá Skálholti**).
1334: SNJÓFLÓÐ Tók snjóskaða tvo bæi fyrir norðan land og dóu þar 22 menn. Í þeirri skriðu lifði ein stúlka 12 dægur og komst með lífi á brottu (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).
- 1522:** SNJÓFLÓÐ Tók af tvo bæi fyrir austan undan snjóflóðum (**Skarðsannáll**).
1522: SNJÓFLÓÐ Tók 2 bæi af snjóflóðum fyrir austan (**Gottskálksannáll**).
1522: SNJÓFLÓÐ Tól af 2 bæi fyrir austan af snjóflóðum (**Vatnsfjarðarannáll elsti**)
- 1597:** SNJÓFLÓÐ Þann vetur á þorra seint, fór Gissur, son Þorláks Einarssonar, með tveimur mönnum frá Rafnseyri, þeir urðu fyrir snjóflóði, og fundust nokkru síðar (**Espólín**).
1614 (**Rétt 1597**): SNJÓFLÓÐ Þrír menn urðu undir snjóflóði vestur í fjörðum. (viðauki (rétt?) - Þá varð Gissur Þorláksson í snjóflóði á Rafnseyrardal og tveir menn með honum um (imbruda)galeyti; þeir reru ofan heiðardalinn, sem ei er þó (vant?) að ger fyrst reri einn, ekki hljóp við það. Þá reri Ólafur Örnólfsson fyrir bóndanum Gissuri, og sem þeir komu á leið, þá hljóp utan til ; þeir björguðu sér, héldust í hendur, þeim tók á axlir. Eftir það hljóp dalurinn ofan til, of sú huldi þá. -

Hér mun átt við Gissur á Núpi, sem fórst í snjóflóð 1597, en vegna brunaskemmda í handriti verða eyðurnar ekki fylltar með vissu (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1609: SNJÓFLÓÐ Skriður féllu víða. Féll snjóflóð á bæinn að Leifsstöðum í Svartárdal, þann 10. Februar, tók hálfan og fjósið, þó ekki allt; létust fimm menn. Búandinn með sinni konu lá í baðstofu; það hús stóð kyrrt. Í skála önduðust fjórir menn: hjón þau ekki höfðu fulla viku saman verið, barn og piltur, og vinnukona í fjósi, ekki upp staðin um morguninn (**Skarðsannáll**).

1609: SNJÓFLÓÐ Veturinn eftir var í meðallagi frá jólum, en hlutir mjög litir í útverum; féllu skriður og snjóflóð víða, tók ein hálfan bæ og fjós að Leifstöðum í Svartárdal, og létust V menn fyrir, en bóndi og húsfreyja lifðu í baðstofu (**Espólín**).

1609: SNJÓFLÓÐ Veturinn var í meðallagi frá jólum; hlutaleysi í útverum; víða féllu skriður og snjóflóð, á Leifstöðum í Svartárdal tók 10. febrúar af hálfan bæinn og fjósið, og létust þar 5 menn, en bóndi og húsfreyja, er lágu í baðstofu, komust af því það hús stóð kyrrt, en í skálanum önduðust 4 menn, hjón, er ekki höfðu viku saman verið, barn og piltur, og vinnukona í fjósi (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1609: SNJÓFLÓÐ Vetur stórfjúkasamur til jóla með löngum hriðviðrum. Féllu snjóflóð víða. Þrír menn urðu undir snjóflóði að Urðum í Svarfaðardal, 2 í Langadal. (**Skarðsannáll**).

1609: SNJÓFLÓÐ Veturinn var snjófjúksamur til jóla með löngum hriðviðrum, féllu snjóflóð víða, þrír menn urðu undir snjóflóði á Urðum í Svartárdal, tveir í Langadal o.s.fv. (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1614: SNJÓFLÓÐ Þrír menn urðu undir snjóflóði vestur á fjörðum (**Skarðsannáll**).

1618: SNJÓFLÓÐ Einn maður, Þorgeir að nafni, varð í snjóflóði í Austurdölum í Skagafirði (**Skarðsannáll**).

1618: SNJÓFLÓÐ Um vorið urðu tveir piltar í Fnjóskadal undir snjóflóði; komu menn að slóð þeirra fram í skriðuna og grófu til; fundu síðan rjúpnatog í milli þeirra, var rakið og grófu eptir því; lifði annar, en annar var 4 föðmum neðar, látinn (**Skarðsannáll**).

1618: SNJÓFLÓÐ Og sveinar tveir í Flókadal norður urðu undir snjóflóð með rjúpnatrog sitt, lifði annar er til var grafið (**Espólín**).

1621: SNJÓFLÓÐ Einn maður fórst í snjóflóð um vorið undir Brekkum á Tjörnesi. Tveir menn urðu í snjóflóði um vorið í Auðbrekkufjalli í Hörgárdal um haustið (**Skarðsannáll**).

1624: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð (vor) tók einn bæ undir Eyjafjöllum, létust 8 menn, 2 komust frá (**Skarðsannáll**).

1624: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók einn bæ undir Eyjafjöllum, létust þar 8 menn, en 2 komust frá (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1625: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð féll í Bárðardal á Stóruvelli, tók 3 hús, varð undir ein stúlka og dó, búandinn komst undan örkumlaður (**Skarðsannáll**).

1628: SNJÓFLÓÐ Þann 26 Januári varð maður fyrir snjóskriðu út á Sporhamri í Mosdal á Vestfjörðum og deyði, Jón Jónsson að nafni, en annar komst af, ítem deginum eftir í snjóskriðu einninn Þórður Eiríksson á Innri-Veðraá. Þann dag fórust og tveir fjármenn með eitt hndr. fjár í Alviðru vestur, og komst ekkert af (**Sjávarborgarannáll**).

1637: SNJÓFLÓÐ Deyðu 2 manneskjur í snjóflóði við Keldulandslaug í Skagafirði (**Vallholtsannáll**).

1640: SNJÓFLÓÐ Þann 25 Martii urðu 2 menn fyrir snjóflóði á Kolmúla í Austfjörðum (**Skarðsannáll**).

1642: SNJÓFLÓÐ 25. Martii urðu tveir menn fyrir snjóflóði á Kolmúla austur, annar náðist strax, en hinn fannst ekki aptur, því flóðið fleygði honum fram á sjó (**Fitjaannáll**).

1642: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð flengdi manni á sæ út austur á Kolmúla, en annar náðist (**Espólín**).

1640 (rétt 1642): SNJÓFLÓÐ Þann 20. Febrúarii hljóp snjóflóð á Reynivöllum í Kjós, sem burttók hey mestöll úr garðinum, og braut hlöðuna og fjósið og drap 13 naut, en tvö komust af, og bar grjót á túnin og skemmdi þau. Á sama degi hljóp og á Þorláksstaði, svo flytja varð bæinn um vorið, og einninn hljóp á Hurðarbak, svo peningi varð hætt. Ítem hljóp mjög hætt snjóflóð á Tindsstaði á Kjalarnesi, hvert flóð að burttók heyin og fjósið með miklum harmkvælum, því af bænum tók nokkur hús þar með (**Skarðsannáll**).

1642: SNJÓFLÓÐ Þann 20. dag Febrúarii hljóp snjóflóð á Reynivöllum í Kjós, sem burttók hey mestöll úr garðinum, braut hlöðuna og fjósið, og drap 13 nautin, en tvö komust af. Þetta snjóflóð bar grjót á túnin og skemmdi þau, en þeim mönnum varð naumlegs hjálpað, sem í fjósinu voru. Á sama degi hljóp skriða á Þorláksstaði í Kjós, svo flytja varð bæinn um vorið, einninn á Hurðarbaki í Kjós, svo peningur var í hættu. Á Tindsstaði á Kjalarnesi hljóp mjög hætt snjóflóð, vert að í burttók heyin og fjósið, svo ei komust undan nema 3 naut; af bænum sjálfum tók einninn hús nokkur, en mennirnir með stórum harmkvælum héldu lífi (**Fitjaannáll**).

1642: SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR (Fjósbrott og nautadauði á Reynivöllum í Kjós). Víða hlupu snjóflóð og skriður (**Vatnsfjarðarannáll elsti**).

1642: SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR Víða hlupu snjóflóð og skriður. Féll rennskriða á Reynivöllum í Kjós, sem drap 13 naut (**Eyrarannáll**).

1642: SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR (Fjósbrott og nautadauði á Reynivöllum í Kjós. Drápust þar inni 13 naut.) Víða hlupu snjóflóð og skriður (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1642: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð hljóp á Reynivelli í Kjós hinn Xxta dag Febrúarii, og tók hey mestöll, en drap XII naut, og spillti túni, en mönnum í fjósi varð borgið. Sama dag hljóp á Þorláksstaði, svo bærinn mátti ei þar vera síðan. - ...Víðar spilltu snjóflóð miklu, helst á Tindstöðum á Kjalarnesi (**Espólín**).

1642: SNJÓFLÓÐ Þann 20. februar hljóp snjóflóð á Reynivöllum í Kjós, tók mestöll heyin, braut hlöðuna og fjósið, og drap 13 nautgripi, og á mörgum öðrum stöðum gjörðu snjóflóð skaða og skemmdu tún, mest urðu þau þó í Kjós og á Kjalarnesi (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1652: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð mikið gjörði í hægu veðri hinn XXIXda dag Febrúarii, og tók mörg skip undir Eyjafjöllum (**Espólín**).

1653: SNJÓFLÓÐ Séra Hallgrímur Ólafsson varð úti fyrir krossmessu á öræfum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, og tók hann snjóflóð, en hans fylgjara kól urðu örkumlaðir (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1653: SNJÓFLÓÐ Um krossmessu um vorið komu mikil fjúk og norðanveður, og í þeim veðrum lágu fjórir menn úti á millum Skagafjarðar og Eyjafjarðar á fjallvegi. Einn af þeim, séra Hallgrímur Ólafsson að nafni, varð fyrir snjóflóði og deyði, en annan kól svo hann missti tærnar. Það var lócatúrin á Hólum, Páll Hallsson að nafni; hann lá úti 6 dægur, en 2 komust heilir af að mestu (**Fitjaannáll**).

1653: SNJÓFLÓÐ Um vorið 30. Apríl kom fjúk, er gekk í 7 dægur. Varð í snjóflóði á fjöllum nokkrum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar séra Hallgrímur Ólafsson Jónssonar prests. Móðir (séra) Hallgríms Guðrún Þórðardóttir, Þorlákssonar, bróður herra Guðbrands. Fleiri menn aðrir örkumluðust á þeirri leið sama sinn; urðu sumir aldrei jafngóðir; einn var locator frá Hólum, vel lærður maður, missti allar tær af öðrum fæti (**Seiluannáll**).

1653: SNJÓFLÓÐ Það bar við um vorið hinn XXXta dag Apríl mánaðar, að gjörði fjúk, og gekk í VII dægur; þá varð fyrir snjóflóði á fjöllum nokkrum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, prestur sá er Hallgrímur hét Ólafsson (**Espólín**).

1654: SNJÓFLÓÐ Á Þratarstöðum á Höfðaströnd tók snjóflóð allt fjóshey, og á Ljótstöðum lambhús og fjárhús með heyjum. Að Stafni í Deildardal sligaði snjór baðstofuna án mannskaða (**Vallholtsannáll**).

1657: SNJÓFLÓÐ Um allraheilagramessu varð undi snjóflóði búandinn að Ábæ í Austurdölum, er Guðmundur hét Klementsson (**Vallholtsannáll**).

1658: SNJÓFLÓÐ 23. Septembris, fimmtudaginn næsta eptir imbuviku, kom stórfjúk með snjóum miklum. Í þeim varð fyrir snjóflóði búandinn á Gilsbakka í Dölum fram, er Illhugi hét Jónsson, og fannst látinn litlu síðar (**Vallholtsannáll**).

1662: SNJÓFLÓÐ? Mánudag næstan fyrir allraheilagra messu (27. okt.) kom fjúk ógnarlegt með snjó, minnkaði það aftur. Vetur upp þaðan afbragðsgóður til nýjár dags. Í fjúki því, er strax var getið, mánudagskveldið, bar það til á Reykjarhóli í Austurfljótum, að þá er fólk var að borða í baðstofu, tók þakið af henni allt að bitum, greip bóndi kerlingu, er þar sat, og bar hana burt, sótti síðan barn, er í vöggu var, og bar það einninn burt, en er hann kom fram í bæinn, voru komnir saman búrveggirnir, en konan var að skammta matinn. Varð hún milli veggjanna í huldu nokkri, og var þar 2½ dægur og barn hjá henni, 6 vetra; náðust þau ekki fyrr en sagaður var annar veggurinn; gerði það Magnús Bergsson. Konan var lerkuð, en ekki barnið; lá hún nokkra hríð eptir; hugðu menn, að þruga mundi þetta gert hafa í fjúkinu (**Vallholtsannáll**).

1664: SNJÓFLÓÐ Item varð piltur undir snjóflóði í Norðurárdal (**Fitjaannáll**).

1666: SNJÓFLÓÐ Í Decembri varð kona gipt undir snjóflóði, og maður með, henni fyrir utan Fljót; átti eptir margt barna (**Vallholtsannáll**).

1671: SNJÓFLÓÐ Á þessu sama ári (rétt 1672) hljóp snjóflóð á Klyppsstað í Loðmundarfirði sjálfa jólanóttina og braut baðstofuna og skálann, svo þar andaðist síra Þorvarður Árnason í því hlaupi (**Desjarmýrarannáll**).

1672: SNJÓFLÓÐ Sjálfan jóladaginn (réttara aðfangadagskvöld) á Klypstað í Loðmundarfirði í Austfjörðum féll snjóflóð á baðstofuna, hvar undir varð presturinn séra Þorvarður Árnason, svo hann dó, en hitt annað fólkið náðist lerkað, en þó með lífi (**Eyrarannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Á þessum vetri varð séra Þorvarður Árnason á Klifstað austur undir snjóflóði inni í baðstofu, þar hann deyði, en syni séra Stefáns Ólafssonar í Vallanesi, Ólafi að nafni, sem var undir hnjám hans, varð síðan, þá til var komið og grafið, lifandi náð (**Kjósarannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Aðfangadagskveld jóla hljóp snjóflóð á Klyppsstað í Loðmundarfirði, tók gaflinn úr baðstofunni, og varð fyrir því séra Þorvarður Árnason, þar hann sat við borðið, og dó (**Fitjaannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Var vetur mjög harður í Austfjörðum, en sunnlands hinn besti. Þá tók snjóflóð bæinn á Klyppsstað aðfangadagskveld jóla, og prestinn með, sá hét séra Þorvarður Árnason (**Hestsannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Þá (rétt 1672) tók snjóflóð staðinn Klyppsstað, og andaðist í því presturinn síra Þorvarður Árnason á jólanóttina. Hjá prestinum hafði þá verið til kennslu Ólafur Stefánsson, er síðar varð prófastur að Vallarnesi. Hann fannst hálfdaudur undir hnésbótum prests, á hvörn hlaupið hafði sett stafn úr baðstofunni, í hvörri ei voru utan þeir báðir, en fólkið allt annað í fjósi (**Pingmúlaannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Þá tók snjóflóð bæinn á Klifstað austur aðfangadag jóla, og Þorvarð prest Árnason (**Espólín**).

1673: SNJÓFLÓÐ Nýjársgdag sjálfan var veður kalt, með miklu frosti, þar til úti var embætti, síðan gerði fjúk og um kveldið mikla drífum, og alla þá nótt; hneptti þá niður ófanna snjóa, og tók víða neysluvatn heiman frá bæjum, því frost mikil höfðu um aðventuna gengið með miklum norðan vindum, en jörðin auð undir með miklum svellum. Af þeim snjóum runnu víða snjóflóð. Á Hóli í Bolungarvík tók snjóflóð 4 hesta í einu. Í Hnífsdal tók af hjáleigu, er Búð hét, með öllu því, þar var í, að fráteknum mönnum, hverjir fyrir guðlega hjálp sér björguðu undir einum skúta, er af baðstofunni eftir stóð. Nautum varð og bjargað, en hey tóku öll ofan að garðsveggjum. Svo og einninn tók sama skriða alla ábuendanna hjalla með fiski, utan einn, og flutti mest allt út á sjó, hvar af nokkuð síðar upp rak. Í Arnardal tók og snjóskriða 5 hesta, alla í einu; svo og runnu víðar snjóflóð (**Eyrarannáll**).

1673: SNJÓFLÓÐ Á nýjársgdag gerði á Vestfjörðum mikið fjúk með stórsnjóum, og urðu þá víða snjóflóð, á Hóli í Bolungarvík tók snjóflóð 4 hesta og í Arnardal 5 hesta, í Hnífsdal tók snjóflóð hjáleiguna Búð með öllu sem í var, nema mönnum, og alla fishjalla, nema einn (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1678: SNJÓFLÓÐ og norður í Fljótum urðu 2 bæir fyrir snjóflóði (**Fitjaannáll**).

1678: SNJÓFLÓÐ Tveir bæir í Fljótum fyrir norðan urðu fyrir snjóflóði (**Setbergsannáll**).

1678: SNJÓFLÓÐ Tveir bæir í Fljótum urðu fyrir snjóflóði (**Hestsannáll**).

1680: SNJÓFLÓÐ Bæinn Þrasastaði í Fljótum tók af í snjóflóði; þar lést einn maður, er Björn hét, hitt allt fólkið komst af. (**Vallaannáll**).

- 1687:** SNJÓFLÓÐ? Dó einn maður í snjógili í Eyrarsveit (**Setbergsannáll**).
- 1692:** SNJÓFLÓÐ Í Hörgárdal varð maður fyrir snjóflóði (**Hestsannáll**).
- 1692:** SNJÓFLÓÐ Maður varð fyrir snjóflóði í Hörgárdal norður (**Setbergsannáll**).
- 1693:** SNJÓFLÓÐ Á Þönglabakka fyrir norðan varð prestur fyrir snjóflóði með tveimur mönnum (**Hestsannáll**).
- 1693:** SNJÓFLÓÐ Fyrir norðan að Þönglabakka í Fjörðum varð prestur fyrir snjóflóði með tveimur mönnum og konu, er gengu frá kirkju annarri, sem presturinn þjónaði, og var hans annexía, sem heitir Flatey í Flateyjardal (Skjálfanda). Hann hét séra Þorkell Þórðarson. (Ath: Séra Þorkell fórst í skriðunum milli Flateyjardals og Fjarða, hefur verið fluttur í land úr Flatey. Fannst aldrei lík prests eða förunauta hans. Þetta var rétt eftir nýár.) (**Fitjaannáll**).
- 1693:** SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók Þorkel prest á Þönglabakka, og tvo menn aðra og stúlku (**Espólín**).
- 1696:** SNJÓFLÓÐ Þrír menn fylgdu þjóf nokkrum, Sigurði Jónssyni úr Ólafsfirði, með fóla að Möðruvöllum til sýslumanns Lauritz Schevings, sem lét hýða hann (haust okt./nóv.) Fórust menn þeir, er þjófinn færðu, í snjóflóði á heimleið aptur nálægt Kálfaldsá (**Mælifellsannáll**).
- 1696:** SNJÓFLÓÐ Fóru menn með þjóf úr Ólafsfirði til Lárusar Schevings á Möðruvöllum, og urðu í snjóflóði á heimleið (**Espólín**).
- 1699:** SNJÓFLÓÐ Annan sunnudag eftir þrettánda (15. jan.) að kveldi tók snjóflóð Reynivallastað í Kjós. Þar lést Oddur prestur Jónsson, prófastur í Kjalarnesþingi, og 5 menn aðrir. Helga systir hans fékk lemstur á handlegg, varð þó heil aptur etc. Sömu nótt tók snjóflóð fjósið á Hurðarbaki, gegnt Reynivöllum, „eð nautum þeim, er þar voru inni, en heyin sakaði ekki. Í Káraneskoti samsveitis lágu 4 kýr og 1 kvíga dauðar á básinum næsta morgun. Að Fremra Hálsi dóu færleikar 3 í hestahúsi sömu nótt (**Vallaannáll**).
- 1699:** SNJÓFLÓÐ Á Reynivöllum í Kjós tók snjóflóð allan bæinn, svo þar inni dóu 14 (réttara 7) manneskjur meðal prestinum séra Oddi Jónssyni bartskera, en nokkrir fundust í húsbrotunum. Þetta flóð hljóp og inn í kirkjuna og fyllti upp kirkjugarðinn, svo varla grafið varð. Lögmaður Sigurður Björnsson og prófastur komu þangað að láta leita upp fólkið í skriðunni. Einninn hljóp snjóflóð innan til við Snæfjallaeyrar og tók 4 hesta og 2 skip með búðinni, er skipverjar voru í, en fyrir guðs hjálp komust mennirnir af með lífi. Einninn runnu í fleiri stöðum víða um landið mörg snjóflóð. Í Otradal í Arnarfjarðardölum tók snjóskriða fjósið með nautunum, einninn Í Dufantsdal fjósið með 2 kúm (**Eyrarannáll**).
- 1699:** SNJÓFLÓÐ Á sömu nóttu (og snjóflóðið hljóp á Reynivelli, lýsingu sleppt hér) hljóp snjóflóð á Hurðarbaki í Kjós, svo af tók fjósið. Dóu þar 14 naut inni. Á Hálsi fremra í sömu sveit dóu 2 hestar í hesthúsinu af snjóflóðinu, en kúm í fjósinu varð bjargað. - Í Otradal við Arnarfjörð skeði sá tilburður sömu nótt og á Reynivöllum hljóp skriðan, sem áður er sagt, að skriða tók af fjósið og deyddi 7 kýr, linnti ei fyrri en hún komst í kirkjugarðinn, en kirkjuna sakaði ekki. Einninn dóu þar tveir hestar í hesthúsi. Í Dufantsdal, næsta bæ Otradal, deyddi skriðufall 3 kýr og 2 hesta. Á sömu nótt rauf allt rjáfur af Bíldudalskaupmanns búð (**Setbergsannáll**).
- 1699:** SNJÓFLÓÐ Fyrsta sunnudag í þorra tók snjóflóð af Reynivallastað í Kjós; dóu þar inni 7 menn, en 6 komust af lamaðir; þar deyði prófasturinn séra Oddur

Jónsson, merkilegur guðsþjónn og hógvæ, ölmusugjarn og góður medicus, 46 ára, ógiptur; kirkjan stóð eftir. Á þeirri sömu nótt féll snjóflóð á Hurðarbaki og tók fjósið; 14 naut dóu þar inni. - Í Otradal á Vestfjörðum (þessa sömu nótt) tók skriða af fjósið og 6 kýr; fórust og 2 hestar í hesthúsi. Í Dufansdal deyddi skriða 3 kýr og 2 hesta: Þá rauf þak af Bildudalskaupstaðshúsum og ræfur með (**Grímsstaðaannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Í Otradal á Vestfjörðum hljóp og snjóflóð þessa sömu nótt (15. jan.), gerði stóran skaða, tók af fjósið með 7 kúm og 2 hestum; það hljóp og á kirkjuna, en hana sakaði ekki. Og í Dufansdal, næsta bæ þar, drap snjóflóð undir eins 2 kýr og 2 hesta (**Fitjaannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Sunnudaginn fyrsta í þorra (15. jan.) tók snjóflóð staðinn Reynivelli í Kjós. Fórust þar 6 manneskjur: Oddur prestur Jónsson, bartskera Sigurðssonar, gáfumaður og læknir góður; hafði Jón faðir hans lengi búið að Káranesi í Kjós. Var prestur staddur í baðstofu, gekk um gólf með bók sína, og sagði er hann heyrði til snjóflóðsins og gekk til baðstofudyra: „Ég meina ég heyri til snjóflóðs“ og í því bili kollvarpaði húsunum. Urðu þar undir 5 manneskjur og presturinn, en þær 6, sem í skálanum voru, fundust allar með lífi um morguninn, er til var grafið. Systir prests var ein þeirra, sem hélt á barni í fanginu lifandi, en hún handleggsbrotin (**Mælifellsannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Sunnudagskveld í miðjum þorra (15. jan.) gerðust þau stórtíðindi á Reynivöllum í Kjós, að snjóflóð féll á bæinn og braut öll bæjarhús, sem þó voru sterk og nýbyggð. Beið þar líftjón prófasturinn séra Oddur Jónsson (ágætt göfugmenni) og 6 menn aðrir, en aðrir 7 komust lífs af. Á þeirri sömu nótt féll og snjóflóð á bæinn Hurðarbak, gagnvart Reynivöllum, braut fjósið og drap naut öll, er inni voru, 13 að tölu. Lítið fyrr dóu kýr fjórar í Káraneshjáleigu án orsaka, það menn vissu, og hestar tveir á Fremra Hálsi í húsi (**Hestsannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Þann 15. Januári, sem var sunnudagskveldið fyrsta í þorra, eptir húslestur, skeði það voveiflega og hryggilega tilfelli á Reynivöllum í Kjós, að snjóflóð hljóp á staðinn, og tók öll hús, nema kirkjuna, smiðjuna og fjósið. Sáluðust þar inni 7 menn með prófastinum í Kjalarnesþingi, séra Oddi Jónssyni, er þann stað hélt. Hann var maður guðhræddur, vellærður, hógvæ, ölmusugjarn, góður medicus (fastaði hvern föstudag árið um kring, af öllum elskaður og vel látinn; hans aldur var 46 ár, kvongaðist ekki, hafði áður verið kirkjuprestur og heyrari í Skálholti. Aðrar 7 manneskjur komust af, þó sumar limlestar, en flestar lerkáðar. Gamalla manna mál var, að séra Bárður, fyrrum prestur á Reynivöllum, reiknaður hinn sjötti fyrir séra Odd, hafi fyrir sagt, að snjóflóð mundi koma yfir Reynivelli, sem aftæki staðinn, og gerði mikinn mannskaða. Séra Oddur Oddsson og svo prestur á Reynivöllum, hvers nafn séra Oddur Jónsson bar, hafði tilgreint, að á þessu ári mundi hætt verð Reynivallastað og presti fyrir snjóflóði. Síðan hefur sjálfur heimastaðurinn ekki verið uppbyggður, heldur lítið nýbýli skammt frá. Á sömu nóttu hljóp og snjóflóð á Hurðarbaki í Kjós, tók af allt fjósið með 14 nautum. Á Fremra-Hálsi í Kjós var nautpeningi hjálpað undan snjóflóði, en 2 hestar fórust í hesthúsi. (**Fitjaannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Þá sakaði snjóflóð bæi tvo á Vestfjörðum, tók fjósin á þeim bæjum og misstust nautin flestöll. Var annar þeirra bæja Otradalur, en fólk sakaði eigi (**Mælifellsannáll**).

1699: SNJÓFLÓÐ Það bar við á sunnudagskvöld í miðjan þorra, að snjóflóð féll á bæinn á Reynivöllum í Kjós, og braut bæjarhús öll, en þau voru þá sterk og nýbyggð; þar bjó Oddur prófastur Jónsson bartskera, merkilegur maður og göfugur, hann gekk um gólf í baðstofu og til dyra, og mælti: ég meina að ég heyri til snjóflóðs, og í því skall á húsunum og kollvarpaði, og týndist hann, og sex menn aðrir, en 7 fundust með lífi, er til var grafið, og var eitt systir prófastsins

handleggsbrotin, og hélt á barni. - Annað snjóflóð féll hina sömu nótt að Hurðarbaki, gagnvart Reynivöllum, það kom á fjósið, og drap 13 nauta, og snjóflóð skemmdu 2 bæi á Vestfjörðum, og tóku naut, var annar Otradalur; urðu þá víða fjárskaðar (**Espólín**).

1699: SNJÓFLÓÐ Sunnudagskvöld í miðjum þorra féll snjóflóð á Reynivöll í Kjós, og tók af bæjarhús öll, þar týndist Oddur Jónsson prófastur, merkur maður, og sex menn aðrir, en sjö fundust á lífi, er til var grafið, og var eitt systir prófastsins handleggsbrotin, og hélt á barni. Hina sömu nótt féll annað snjóflóð að Hurðarbaki gagnvart Reynivöllum, og tók það fjós með 13 nautum, en heyin sakaði ekki. Í Káraneskoti lágu 4 kúr og ein kvíga dauðar á básunum næsta morgun á Fremra-Hálsi dóu færleikar þrír í hesthúsi sömu nótt. Snjóflóð skemmdu og tvo bæi á Vestfjörðum og tóku naut, var annar Otradalur (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1699: SNJÓFLÓÐ Haustið allstirt hvervetna með hriðum, kröpum, slarkviðrum og snjóhlaupum (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1701: SNJÓFLÓÐ Snæskriða hljóp á 3 menn vestur í Hörðadal, einn handleggsbrotnaði, öðrum gekk fótur úr liði, þriðji dó (**Vallaannáll**).

1703: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók flestöll bæjarhús á Englandi í Lundarreykjadal, flúði fólkið nakið og lerkað í fjósið og komst af. Í tíð Ögmundar biskups tók snjóflóð og þennan bæ og létust þar 6 eður 7 menn; sá eini komst af, sem í fjósinu var (**Fitjaannáll**).

1703: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók mestöll hús á Englandi í Lundarreykjadal, en fólkið hljóp um nóttina, nær nakið og lamað, í fjósið. Sagt var, að á dögum Ögmundar biskups hafi snjóflóð tekið þennan sama bæ, og látist þar 7 menn, en sá lifði, sem var í fjósinu (**Grímsstaðaannáll**).

1703: SNJÓFLÓÐ Um veturinn tók snjóflóð af mestöll hús á Englandi í Syðra-Reykjadal, en fólk flúði um nóttina, nakið og lerkað, í fjósið. Á þessum vetri hlupu snjóflóð víða á tún og gjörðu skaða, bæði í Lundarreykjadal og Skorradal (**Setbergsannáll**).

1705: SNJÓFLÓÐ Maður týndist í snjóflóði í Hörgárdal (**Hestsannáll**).

1706: SNJÓFLÓÐ Mánudag næstan eptir þrettánda (11. jan.) fannst dauður Magnús Eyjólfsson, vinnumaður að Myrká, þar skammt frá bænum; hafði gengið heiman laugardaginn að leita sauða, en snæskriða tekið hann (**Vallaannáll**).

1706: SNJÓFLÓÐ Tók snjóflóð mann í Hörgárdal (**Setbergsannáll**).

1706: SNJÓFLÓÐ? Tók djúplóð mann í Hörgárdal (**Grímsstaðaannáll**).

1711: SNJÓFLÓÐ Prestur í Austfjörðum varð fyrir snjóflóði og maður með honum. (þ.e. séra Runólfur Ketilsson á Hjaltastað, en það var vorið 1712) (**Grímsstaðaannáll**).

1711: SNJÓFLÓÐ Prestur varð snjóflóði á Austfjörðum, Runólfur Ketilsson (**Espólín**).

1712: SNJÓFLÓÐ Séra Runólfur Ketilsson fyrir austan dó í snjóflóði og maður með honum (**Fitjaannáll**).

1715: SNJÓFLÓÐ Á jólaföstu síðarla varð sá atburður að Reykjum í Hjaltadal, að heimamaður þar, er Guðmundur hét, gekk þaðan í fjall fram að sjást um jörð; sprakk þá á hann snjóskafi úr fjallinu, og lét hann þar líf sitt (**Vallaannáll**).

1718: SNJÓFLÓÐ Um nóttina milli þess 15. og 16. Martii féll hættulegt snjóflóð úr árgilinu hjá Fagranesi á Reykjaströnd, bæði yfir fjós og hey, svo þriggja álna djúpt var ofan að heymæninum, áður en sigið var niður. Annars skaðaðist ei af því framar (**Sjávarborgarannáll**).

1722: SNJÓFLÓÐ Á nýjaársdag kom fyrst svo mikið snjófall með dimmviðri, að kunnugir villtust víða á kirkjuvegi og annarstaðar. Þar eftir fylgdi svo mikil vatnshríð með stormi að Eyjafjarðará, sem lá milli fjalls og fjöru, losnaði á þremur dægum. Vatn gekk upp í bæjum, úthýsum, heytóftum. Sumstaðar hljóp það inn um vegg, svo út varð að bera það í var. Á Víðimýri tók áin hálfu baðstofuna. Í Miklagarði skekkust viðir í húsum, þar vatnið gróf undirstöðuna. Snjóflóð tók mikið af túni í Kambfelli (**Hrafnagilsannáll**).

1725: SNJÓFLÓÐ Í Hédinsfirði í Maio tók af bæ ein og 5 manneskjur þar inni (**Mælifellsannáll**).

1725: SNJÓFLÓÐ En um vorið hinn 9da dag maí, miðvikudaginn næstan fyrir uppstigningardag, að snjóflóð tók bæ að Vatnsenda í Hédinsfirði, bóndann, er Tómas Pétursson hét, konu hans og barn þeirra eitt hið yngsta, en vinnukonu varð náð út um baðstofuglugga þrekaðri mjög, var hún flutt ofan að Vík, fékk þjónustu, og andaðist síðan, en hin eldri börnin voru í heytópt við bæinn, og fengu grafið sig út sjálf (**Espólín**).

1725: SNJÓFLÓÐ Þann 9 Maii, næsta dag fyrir uppstigningarhátíðina, tók snjóflóð úr fjallinu af þann bæ norður í Hédinsfirði, er Vatnsendi heitir; létust þar inni 6 manneskjur. Drengir tveir voru í heytópt, komust úr þann 13. sama mánaðar, mjög máttfarnir og lerkaðir; þó gat annar þeirra dregið sig að Hvanneyri til sóknarprestsins séra Jóns Helgasonar. Þann 14. var fólkið með stórum erfiðismunum grafið upp úr snjóflóðinu; fannst þar þá stúlka ein lífs með allri rænu; hún meðtók strax prestþjónustu, dó tveimur dögum síðar. Voru þá aðeins 2 bærir byggðir þar í firðinum, þessi og annar til, af þeim 9, er áður voru og þeir flestir byggðir til bólunnar Anno 1707, en meinast, allur sá fjörður verði nú í eyði; það allt Hóladómkirkju jarðir (**Hítardalsannáll**).

1726: SNJÓFLÓÐ 9. Maii, miðvikudag næsta fyrir uppstigardag, fjúkhrið mikil landnorðan. Hljóp þá snjóflóð á bæinn Vatnsenda í Hédinsfirði, og tók hann allan. Lést þar inni búandinn, er Tómas hét Pétursson og kona hans, og barn þeirra eitt hið yngsta, en vinnukona þeirra náðist út um baðstofugaflinn lifandi og illa tilreidd, var flutt ofan að Vík, fékk þjónustu og deyði síðan; hin eldri börn tvö hjónanna, þó í uppvexti, komust heil og lífs af, því þau voru í heytópt, er var við bæinn. og gátu grafið sig þar út (**Vallaannáll**).

1725: SNJÓFLÓÐ Um sama tíma (maí) tók og snjóflóð af mestallan bæinn Norðureyri í Súgandafirði fyrir vestan. Fólk komst af, en kvikfé allt með peningahúsum og búshlutir mestallir fórust. Um Ísafjörð komu svo stórir snjóar og fannlög á sama tíma, að öllum útigangspeningum varð að bjarga, bæði með húsum og heyi. Skip, sem úti voru og ekki á hvolfi fylltust og sliguðust af snjóþunganum. Víða urðu þar fjárskaðar (**Hítardalsannáll**).

1731: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð hljóp og á Mávahlíðarkot hjá Búlandshöfða, tók heystæðu í garðinum, setti hana ofan á túnið, og stóran stein á húsin, grandaði þó engu (**Hítardalsannáll**).

1731: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók af bæinn Brimnes á Austfjörðum. Létust þar inni búandinn, Jón Ketilsson, og fjórar manneskjur aðrar (**Hítardalsannáll**).

1732: SNJÓFLÓÐ Á þessum vetri skeði það í Seyðisfirði, að snjóflóð hljóp á Brimnes föstudaginn fyrsta í þorra (25. jan.), um nóttina, þá fólk var í svefni. Tók baðstofuna og mikinn part bæjarins. 9 menn dóu í flóðinu, meðal hvörra var ábúandi téðar jarðar, Jón Ketilsson, faðir þeirra síra Einars, sem þá hélt Ás í Fellum, og síra Ketils í Húsavík. Aðrir 9 komust af með lífi. Nautin dóu öll nema 1 kvíga, því fjósið var innan bæjar. Allt, hvað á bænum var fordjarfaðist, og sumt fór í sjóinn, svo lengi þar eftir var að reka aska og annað þess háttar. Í tali var, að á þessum bæ mundi fólkíð oftast hafa verið sundurlynt sín á milli, nema deginum áður en þetta skeði var það allt sátt og sammála. Eitt stúlkubarn, að nafni Snjófríður, fjöggra vetra að aldri, fannst hjarandi í flóðinu, þá 9 dægur voru frá liðin þessum tilburði, og er menn gengu á flóðinu, heyrðu þeir hljóð barnsins, er það að breiða ofan á sig. Þegar til var grafið, fannst barnið nakið í snjónum. Hún lifði nokkur ár þar eftir. Hjónin Jón Jónsson og Valgerður Torfadóttir fundust lifandi í baðstofunni. Hún gat bjargað lífi manns síns með þeim hætti, að hún hafði lausar hendurnar og gat borað snjóinn frá andliti hans, en hann mátti enga björg sér veita, því flóðið þjakaði hönum á allar síður. Af þessu tilfelli var veturinn kallaður Brimnessvetur (**Desjarmýrarannáll**).

1732: SNJÓFLÓÐ Þá tók snjóflóð Brimnes í Austfjörðum, og þar inni bóndann og fjóra menn aðra (**Espólín**).

1737: SNJÓFLÓÐ (30. apr.) Fórst þá yfir 100 fjár á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal og maður þar með, svo og 14 hestar á 2 bæjum í Kolbeinsdal: Bjarnastöðum og Skriðulandi. Þá tók og snjóflóð bæinn Hjaltadal í Fnjóskadal nálega allan, og létust þar 4 menn, en 3 komust undan (**Vallaannáll**).

1737: SNJÓFLÓÐ Fórst bær einn (Hjaltadalur) í Fnjóskadal í snjóflóði (**Höskuldsstaðaannáll**).

1737: SNJÓFLÓÐ Þriðjudaginn fyrsta í sumri (30. apr.) varð og manntjón og fjárskadar norðanlands. Þá tók snjóflóð bæ í Fnjóskadal (Hjaltadalur), hvar 4 menn dóu, en 2 komust af (**Hvammsannáll**).

1737: SNJÓFLÓÐ Þá tók og snjóflóð bæinn Hjaltadal í Fnjóskadal nálega allan, og létust þar 4 menn, en 3 komust undan (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1739: SNJÓFLÓÐ Í Desembri lærbrotnaði maður í Möðruvallaklausturskirkjusókn. Þá féllu snjóflóð víða. Skaðaði bæði menn og fénað. 29. og 30. Dec. kom stórviðri með frosti og fjúki. Tók út átta skip af báðum ströndum og Hrísey. Þá hraktist og fé ótrúanlega langt að. Margir urðu sauðlausir fyrir utan Laugalandsháls, fór í sjóinn. Hrakti sumt frá Kálfskinni inn að Glerá. Þá féll á jólaföstu snjóflóð á Hringverskot í Ólafsfirði. Var maðurinn og konan stödd í matarhúsi. Gengu bringuteinarnir inn á manningum af sylluáfalli, en konan handleggsbrotnaði, og lenti andlit hennar á pottbarmi og skarst allt frá eyrum til munnsins. Tvö börn dóu í baðstofu, en fósran komst með eitt í burt á næsta bæ. Þar dóu og þrjár kýr, en kálfur lifði (**Hrafnagilsannáll**).

1740: SNJÓFLÓÐ 4. Decembris tók snjóflóð á Ufsadal 17 hross. Sex af þeim náðust heil, hin öll dóu. Og í sama mund hljóp snjóflóð á Hringverskot í

Ólafsfirði, svo það umturnaðist. Tvö börn dóu þar, hinir gátu forðað sér (**Höskuldsstaðaannáll**).

1740: SNJÓFLÓÐ Þann 4ða Dec. tók snjóflóð á Upsadal 17 hross; 6 af þeim náðust heil, en öll dóu. Um sama leyti kom snjóflóð á Hringverskot í Ólafsfirði svo það umturnaðist, þar dóu tvö börn, hinir gátu forðað sér (**Djáknaannáll**).

1740: SNJÓFLÓÐ Stafn í Svartárdal eyddist fyrir snjóflóði. Peningur tapaðist, en fólk komst af (**Hrafnagilsannáll**).

1750: SKRIÐUR/SNJÓFLÓÐ (KRAPAHLAUP?) Þann 12 Martii gjörði mikla vatnshríð, af vestri, sem orsakaði bæði skriður og snjóflóð, hvar af ýmsar jarðir fengu skaða, og sums staðar tók hey og fjárhús. Urðu og harðindi meðal fólk, svo peningi var lógað til matar (**Íslands árbók**).

1750: SNJÓFLÓÐ/SKRIÐUR? Þann 12ta Martii gjörði vatnshríð af vestri, sem orsakaði miklar skriður og snjóflóð, hvar af ýmsar jarðir fengu skaða og sumstaðar tók hey og fénað úr húsum (**Djáknaannáll**).

1750: SNJÓFLÓÐ/SKRIÐUR? Gjörði vatnshríð mikla hinn 12ta dag Martí mánaðar, og fylgdu snjóflóð og skriður, svo að margar jarðir fengu tjón af, en sumstaðar tók hús með fé inni (**Espólin**).

1750: SNJÓFLÓÐ/SKRIÐUR? Hinn 12 mars gjörði vatnshríð mikla og fylgdu snjóflóð og skriður, svo að margar jarðir fengu tjón af, en sumstaðar tók hús með fjám inni (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1752: SNJÓFLÓÐ Eftir þær miklu norðanhríðir og snjóa um páska kom 15. Aprílís stórregn og mikil leysing. Féll þá snjóflóð á Gönguskarð (Skarð), sérdeilis baðstofu; urðu þar undir átta manneskjur. Og víða skemmdust þá tún og engjar (**Höskuldsstaðaannáll**).

1752: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók bæinn Skarð í Fagranesskirkjusókn með 8 mönnum, en eitt barn, 9 vetra, lifði í fjósi, því flóðið tók það ei, en hitt fólkið var í baðstofu, er flóðið tók, hafði sína mataraska hjá sér og í keltunni. Þar, sem flóðið endaði, fannst postilla mag. Jóns Vídalíns, glerflaska og tóbakspípa, óbrotið hvorttveggja. Þeir dauðu fundust deginum eftir (**Hrafnagilsannáll**).

1752: SNJÓFLÓÐ Stórregn 15da Apr. og mikil leysing, féllu snjóflóð, skemmdust víða tún og engjar. Þann 15da Apr. í stórregni féll snjóflóð á bæinn Gönguskarð í Skagafjarðarsýslu, helst baðstofu, létust þar undir 8 manneskjur. Fjárskaðar víða um Borgarfjörð svo einasta í Mýrarsýslu reiknast að farist hefðu 2000 fjár (4000) (**Djáknaannáll**).

1753: SNJÓFLÓÐ Nokkrir fórust fyrir snjóflóðum (**Hrafnagilsannáll**).

1756: SNJÓFLÓÐ Um veturinn, hinn 26ta dag Janúarí mánaðar, gjörði snjóflóð í Vatnshlíð á Vatnsskarði, og kom á baðstofuna í því er Björn bóndi Þorleifsson kom frá sauðum og gekk í hana, og mælti er hann heyrði dyninn: „hvaða bölvuð suða er þetta?“ Oddný, systir húsfreyju, komst á bita, og fékk brotist út um glugg, og gat náð bæjum; og er menn komu til, fannst húsfreyja með lífi undir stafnvegg, og lá fram á barnsruggu; hún dó síðan, en barnið sakaði ekki; en bóndi fannst dauður í gaungunum; vinnukona fannst löngu seinna með lífi (**Espólin**).

1757: SNJÓFLÓÐ/SKRIÐA? Í Múlasýslu tók skriða einn bæ um veturinn, og urðu þar undir 7 manneskjur (**Ölfusvatnsannáll**).

1759: SNJÓFLÓÐ/SKRIDUR? Var töstug veðurátta frá nýja árinu og til þorraloka. Snjóflóð og vatnangangur varð víða fyrir norðan, svo að skemmdust og tók af tún og engjar í sumum stöðum. Einn bæ tók af með mönnum öllum (**Grímsstaðaannáll**).

1759: SNJÓFLÓÐ Tók snjóflóð Strúgsá í Eyjafirði (**Espólín**).

1759: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð og vatnangangur víða, svo tún og engjar skemmdust fyrir norðan. Þá tók snjóflóð Þrúgsá í Eyjafirði (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1764: SNJÓFLÓÐ Hinn harðast vetur í Ísafjarðarsýslu svo enginn mundi slík harðindi, þó tóku þau yfir á Snæfjallaströnd, því frá allraheilagramessu til þess 6 vikur voru af sumri stóðu þar inni fé og hestar. - Á Snæfjallaströnd í Ísafjarðarsýslu tók harðviðrið og snjóflóðin fé um veturinn hjá sumum, sem því út hleyptu, og drápu á hvörjum bæ svo í sveit þeirri voru ei eftir nema 7 hestar og mjög fátt fé (**Djáknaannáll**).

1765: SNJÓFLÓÐ Þann 1ta Febr. í miklum hlákustormum brotnaði í spón nýtt skip á Vindhæli á Skagaströnd. Í nokkrum plássum varð fjártjón í snjóflóðum og djúpfenni (**Djáknaannáll**).

1765: SNJÓFLÓÐ Haustið mjög óstöðugt og frá veturnóttum aftur til nýárs stórhret, köföld og fannkomur, svo að í Novembri fennti víða, og fórst fé manna og hestar, svo vel í djúpfenni sem snjóflóðum, einkanlegast vestanlands, hvað eð stofnaði til stórharðinda (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1765: SNJÓFLÓÐ en haust var óstöndugt, og svo frá veturnóttum til nýjárs, með hretum stórum og fannkomum, svo að í Nóvembri fennti bæði fé og hesta til dauðs, og mest um Vesturland, og spillti fiskibátum, sumt fórst í snjóflóðum, leit þá út til harðinda stórra, en þó komu þau ekki fram að sinni fyrir þessa sök, því að veturinn var góður frá nýjári (**Espólín**).

1765: SNJÓFLÓÐ Í nóvembermánuði fennti víða fé og hesta, en sumt fórst í snjóflóðum, einkanlega vestanlands (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1765: SNJÓFLÓÐ Skeði austanlands margt voveiflegt, húsbrunar, skipskaðar, snjóflóð og hastarleg mannalát. - Á sama ári fórust þrír menn í Húsavík við Borgarfjörð austur fyrir snjóflóði, sem voru bóndinn Jón Oddson og tveir hans verkmennt. Fyrst voru þessir tveir vinnumenn, Jón Þorláksson og Jón Kolbeinsson, sendir til sauða. Þá kom snjóflóð og tók þá báða, en annar festist á steinsnibbu á hempu sinni og náðist að því sinni. Að viku liðinni gekk bóndi til sauða og sá maðurinn, sem eftir var og af komst, vildu ganga annan ofar í fjallinu, en jafnsnart sem þeir voru komnir út fyrir túnið, tók snjóflóð þá báða, svo þeir misstu lífið, fundust þó aftur (**Desjarmýrarannáll**).

1768: SNJÓFLÓÐ Var vetur góður, nema á góunni gjörði litla skorpu, nefnilega stórfjúk á laugardaginn og sunnudaginn, þegar vika var af góu (27. -28. febr.). Féllu snjóflóð víða. Affaranótt sunnudagsins tók burt kotið Nýlendu í Langadal til grunna, hús og hey, og fleygði því yfir á Blöndu. Voru þar við sjö hestar úti og inni. Fóru þeir og sömu leið, drapst einn, en sex lifðu í flóðinu og náðust allir. Þótti mörgum kraftaverk, er soddan sáu. Drápu og níu hestar í Hjaltadal í snjóflóði sama

sinn. Varð ei frammar af stór skaði, þó víða félli. Ekki mundu elstu menn meiri snjó niður koma á tveim dægum (**Húnvetnskúr annáll**).

1770: SNJÓFLÓÐ Á mánudaginn annan í þorra (29. jan.) féll snjóflóð úr Nýlendugili í Langadal og drap tvo hesta, sem þar nærri voru (**Húnvetnskúr annáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Seinast í sama mánuði (nóv.) gjörði stórkafald af norðri.. Stóð sú hríð í 5 eða 6 dægur, svo aldrei uppstytti. Varð þá enn víða skaði á fiskibátum, hrossum og sauðfé, sem ei var komið í hús. Í sama óveðri tóku snjóflóð á Látraströnd 2 bæi, sem hétu Miðhús og Steindyr. Komst fólk lífs af á þeim fyrra bænum, en á Steindyrum voru alls 9 manneskjur, allar lagstar og sofnaðar í rúmpletjum sínum. Liðu svo 4 dagar, þangað til fólk af næsta bæ komst til að vitja þeirra, sem skeði með stórri mæðu, því fönnin var óvenjulega djúp orðin og bærinn grafinn undir snjó. Lifðu þar þá enn undir snjónum 2 manneskjur alls naktar og 2 smábörn, það eina 6, en annað 4 vetra, sem var eitt guðs furðuverk, en 5 fullorðnar fundust dauðar. - Í sömu óveðrum tók og fyrir snjóflóð kotið Miðgerði í Laufássókn. Urðu þar undir 4 manneskjur, en 2 komust lífs af (**Íslands árbók**).

1772: SNJÓFLÓÐ Í snjóflóði eyddust þá (nóv.) 2 bæir á Látraströnd við Eyjafjörð, Miðhús og Steindyr. Af komst allt fólkið á Miðhúsum, en á Steindyrum fórust 5 manneskjur. Þá grafið var til bæjarins með mikilli fyrirhöfn fundust fjórar manneskjur í rúmum sínum, tvær naktar og tvö börn, annað fjöggra vetra, en annað sex vetra, undir snjónum lifandi þar (sjáanlegt miskunnar- og almættisverk lifanda guðs). Þá tók og snjóflóð bæinn á Miðgerði í Laufássókn. létu þar fjórar manneskjur líf sitt, en tvær komust lífs af (**Espihólsannáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Í stórhriðinni 20ta Nóv. féll snjóflóð á 2 bæi á Látraströnd innan Þingeyjasýslu; Steindyr og Miðhús. Á Miðhúsum varð fólki bjargað, en á Steindyrum voru 9 menn. Lifðu þar 2 naktir undir snjó á 8da dægur og 2 smábörn, eitt 4ra ára og annað 6 ára, en 5 fullorðnir voru dauðir, þá fólk af öðrum bæjum kom þangað. Í sama óveðri tók af kotið Miðgerði í Laufássókn, dóu þar undir 4 manneskjur, en 2 komust af. Alls deyðu þar undir 9 manneskjur, líka fé og hestar. Sumum varð bjargað úr fönninni eftir 7 eður 8 dægur, og furðanlegast var að 2 nakin ungbörn skyldu geta lifað þar svo lengi. 1 af þeim sem fannst hafði legið undir snjó hálfur en undir húsi hálfur í 10 daga, réttist þó við; 2ar lá undir snjó 4 daga og lifði einnig. Í þeirri hríð varð og úti vinnumaður frá Vík í Skagafirði, er ætlaði að sækja vatn (**Djáknaannáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Sama árs viku fyrir jólaföstu gjörði stórhrið, sem mönnum og skepnum varð bani að. Þrír bæir fórust af snjóflóðum í Þingeyjarsýslu: Einn í Laufássókn, hét á Miðgerði. Þar sáluðust fjórar manneskjur. Tvær komust lífs af og gátu rífið sig út. Hinir tveir bæir voru á Látraströnd í Grýtubakkasókn. Á Steindyrum heitir annar. Þar sáluðust og fjórar manneskjur, en fimm komust lífs af. Var til þeirra mokað á áttunda dægri. Þá fundust fjórir lífs, en einn vantaði enn þá. Því á tuttugasta dægri var aftur leitað, og fannst hann svo á sig kominn með lífi; innan í einni rekkjuvoð og hafði stórt sár á síðunni, þrengsli allt um kring af snjónum. Guð veri náðugur öllum sínum börnum. Á þriðja bænum (Miðhúsum) komst allt fólkið lífs af, en missti allt sitt. Í sama fjúki varð úti maður í Vík í Hegransýslu milli brunns og bæjar. Misstu menn og svo fé, þó ekki víða, en hestar drápust fjöldamargir. Það meina margir þeir hafi verið stórt hundrað eður meir, flestir í Húnavatnssýslu. Þeir urðu fyrir snjóflóðum, þá fennti, og fóru í vatnsföll (**Húnvetnskúr annáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð féllu á þrjá bæi í Höfðahverfi: Steindyr, Miðhús, Miðgerði. Dóu þar átta manneskjur, einninn fé og hestar. Nokkrir menn höfðu þar lerskast (**Höskuldsstaðaannáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Þann 20. Novembris á Látraströnd í Norðursýslu féll snjóflóð yfir 3 bæi, í hverjum allt tapaðist, er inni var, 9 menn dóu, en nokkrir fundust lifandi; einn þeirra hafði legið undir snjónum í 21 dægur, en einn annar í 9 dægur, sem báðir komust til lífs og heilsu. - Í Novembri gjörði 6 dægra hríð svo mikla samfleytt, að trautt var á millum fjárhúsa og bæja farandi. Týndust þá víða í Norðurlandi hestar og sauðfé manna. Líka meiddust og misstust þar enn nú fiskibátar sjóbænda. Þá skeði og það snjóflóð á Látraströnd, hvers áður er getið (**Ketilsstaðaannáll**).

1772: SNJÓFLÓÐ Þann 21. Nóvembr. kom á ein hin mesta snjóhríð víðast yfir landið. Í henni fórust af snjóflóð 3 bæir í Norðursýslu; deyðu 8 manneskjur, 5 dægum seinna, þá hríðinni upplétti, grófu menn til og fundu 2 börn lifandi; á 19. dægri var enn á ný til grafið, og fannst enn nú einn maður með lífi, sem þó deyði nokkrum dögum síðar. Í þessari stóru snjóhríð misstu menn pening allvíða, sérdeilis fjölda hesta norðanlands sem og annars staðar (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1772: SNJÓFLÓÐ Í hinum sama mánuði gjörði norðanhríð mikla um 6 dægur, svo aldrei stytta upp, fórst bæði fé og hestar, skip og veiðarfæri, þá enn af nýju; í því veðri tók snjóflóð tvo bæi á Látraströnd, heita Miðhús og Steindyr, komst fólk af Miðhúsum, en að Steindyrum voru 9 manns, og allt háttað og sofnað í rúmum sínum, og er 4 dagar voru liðnir kom fólk af næsta bæ að vitja þangað, og mátti trauðlega fyrir fönn þeirri er niður var komin, og bærinn allur grafinn undir snjó; fundust þar 5 manneskjur fullorðnar dauðar, en tvennt lifði allsnakið undir snjónum, og 2 smábörn, annað fjögurra vetra, en annað fimm, og þótti furðuverk guðs. Þá tók snjóflóð Miðgerði í Laufáss-sókn, og týndist fernt, en tvennt komst af (**Espólín**).

1772: SNJÓFLÓÐ Í því veðri tók snjóflóð tvo bæi á Látraströnd, Miðhús og Steindyr, komst fólk af Miðhúsum, en að Steindyrum voru 9 manns, og allt háttað og sofnað í rúmum sínum, og er 4 dagar voru liðnir, kom fólk af næsta bæ að vitja þangað, og mátti trauðlega fyrir fönn þeirri er niður var komin, og bærinn allur grafinn undir snjó; fundust þar 5 manneskjur fullorðnar dauðar, en tvennt lifði allsnakið undir snjónum, og 2 smábörn, annað fjögurra vetra, en hitt fimm. Þá tók og snjóflóð Miðgerði í Laufáss-sókn, og týndist fernt, en tvennt komst af. Þá misstu menn víða pening, einkum marga hesta norðanlands (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1775: SNJÓFLÓÐ Þann 25ta Martii tók snjóflóð smalamanninn frá Núpi í Dýrafirði og 50 fjár (**Djáknaannáll**).

1779: SNJÓFLÓÐ Á Þorláksmessu fyrir jól varð vinnupiltur frá Þverárdal í Húnavatnsþing, Jón að nafni, fyrir snjóhengju, er hrapaði yfir hann (**Djáknaannáll**).

1779: SNJÓFLÓÐ Skömmu fyrir jól varð vinnupiltur í Þverárdal undir snjóhengju, er féll yfir hann, er hann stóð yfir fé (**Höskuldsstaðaannáll**).

1787: SNJÓFLÓÐ Með December gjörði skörp frost og í honum miðjum sjóa og ófærðir með fjúkhríðum öðru hvörju. Þá dreif svo mikinn lognsnjó um Eyjafjörð að menn mundu ei slíkt, kom hann og í Skagafjörð og norðarlega í Húnavatnsþingi. Féllu þá víða snjóflóð og eitt þeirra tók 5 hross í Seljadal í Eyjafirði (**Djáknaannáll**).

1787: SNJÓFLÓÐ Þann 28. Desembr. urðu og 2 menn, sem gengu að sauðaleit í Fremra-Arnardal við Skutulsfjörð, Bárður Guðmundsson og Þorkell

Jónsson, fyrir snjóflóði. Sá fyrri komst lifandi af, en lá lengi eftir; hinn síðari deyði strax (**Vatnsfjarðarannáll yngsti**).

1790: SNJÓFLÓÐ (Rétt mun vera að hér hafi verið á ferðinni mjög stór skriða eða berghrun) Um veturinn á gönni kollvarpaði snjóflóð bænum Fit í Holtssókn, svo ei undan stóð utan fjósið, í hverju húsfreyjan var stödd og þess vegna hélt ein lífinu af heimafólkinu, sem auk hennar voru 4 manneskjur. Þar týndust og 4 geldneyti, sem voru í öðru húsi, og 24 lömb (**Espihólsannáll, viðauki**).

1791: SNJÓFLÓÐ 1 varð fyrir snjóflóði í Múlasýslu syðri (**Djáknaannáll**).

1792: SNJÓFLÓÐ 2 menn dóu fyrir snjóflóði í Fnjóskadal á jólaföstunni (**Djáknaannáll**).

1797: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók annan bæinn á Fjósum í Mýrdal austur. Fórst þar allt, er inni var, nema menn og kýr, sem allt saman geymdist í fjósinu (**Espihólsannáll**).

1797: SNJÓFLÓÐ Tók snjóflóð bæ að Fjósum í Mýrdal austur, týndist þar allt það er inni var, nema menn og kýr (**Espólin**).

1802: SNJÓFLÓÐ Gunnlaugur Guðmundsson, kvæntur, 28 ára, frá Deplum í Stíflu fórst í snjóflóði (**Annáll nítjándu aldar**).

1808: SKRIÐUR Á Suðurlandi var vetur allharður til þorraloka, síðan kom hláka með áköfum vatnshríðum og gjörðu skriður og snjóflóð spell mikil í Kjós og við Hvalfjörð (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1808: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð hljóp á prestssetrið Hvamm í Norðurárdal, tók hús mestöll, og fyllti kirkjuna með krap. Beið bana eitt af börnum prestsins þar, Þórðar Þorsteinssonar (**Annáll nítjándu aldar**).

1811: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð hljóp á Laufáskirkju og skemmdi hana mikið (**Annáll nítjándu aldar**).

1811: SNJÓFLÓÐ Skriða (þetta mun hafa verið snjóflóð) laskaði Másstaðakirkju í Vatnsdal (**Annáll nítjándu aldar**).

1812: SNJÓFLÓÐ Tveir kvenmenn fórust í snjóflóði á Hörgárdalsheiði, hét önnur Hólmsfríður frá Litladal (**Annáll nítjándu aldar**).

1813: SNJÓFLÓÐ Björn bóndi í Rugludal í Húnavatnssýslu varð fyrir snjóflóði, komst til húsa um nóttina að bæ nokkrum, en dó skömmu síðar (**Annáll nítjándu aldar**).

1817: SNJÓFLÓÐ 1. janúar fórst í snjóflóði maður frá Merkigili í Skagafjarðarsýslu (**Annáll nítjándu aldar**).

1817: SNJÓFLÓÐ 17. s.m. (febr.) fórst Hákon prófastur á Eyri í snjóflóði á heimleið frá annexíunni Hóli í Bolungarvík (**Annáll nítjándu aldar**).

1817: SNJÓFLÓÐ Eyjólfur Einarsson frá Þverárdal í Húnavatnssýslu fórst í snjóflóði í Bólstaðarhlíðarfjalli (**Annáll nítjándu aldar**).

1817: SNJÓFLÓÐ Eyjólfur Einarsson, ungur og efnilegur maður frá Þverárdal, fórst í snjóflóði utan Hlíð af eggjum ofan á grundir 13. maí (**Brandsstaðaannáll**).

1818: SNJÓFLÓÐ Um vorið í Martio tók snjóskeiða Augnavelli í Skutulsfirði, og voru níu manneskjur naktar í svefni; hún tók nokkuð af baðstofunni 150 faðma með sér, en braut annað ofan á fólkið, lá það undir viðum, torfi og klaka í fjögur dægur, en síðan urðu menn af næsta bæ varir við, heimtu að sér fleiri, og fóru til bæjarins í blindhríð með verkfærum, og rufu til hans; náðust hjónin með lífi, tvo börn og vinnukerling, en eitt barn lá dautt á fótum foreldra sinna; fengu menn þá ei lengur verið að á þeim degi, fyrir myrkri og þreytu, og var enn leitað annan dag, fannst þá eitt barn dáíð og eitt ungmenni, en gamalmenni var með lífi, og dó samdægurs; lá svo það sem lifði, um hríð við sár og örkuml; fleiri snjóflóð gjörðu skaða (**Espólín**).

1818: SNJÓFLÓÐ Í mars tók snjóflóð bæinn Augnavelli í Skutulsfirði, og varð fólkið undir, beið sumt bana, en sumt meiddist mjög (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1818: SNJÓFLÓÐ 20 s.m. (mars), aðfaranótt hans tók snjóskeiða Augnavelli í Skutulsfirði, voru þar inni 9 naktir menn í svefni. Hún tók nokkuð af baðstofunni 150 faðma með sér, en braut hitt ofan á fólkið. Lá það undir viðum, torfi og klaka í fjögur dægur; urðu þá menn af næsta bæ varir við, heimtu að sér fleiri, og fóru til bæjarins í blindhríð með verkfærum, og rufu til. Náðust hjónin með lífi, tvö börn og vinnukerling, en eitt barn lá dautt á fótum foreldranna. Fengu menn þá eigi lengur að verið á þeim degi fyrir myrkri og þreytu; var enn leitað annan dag; fannst þá eitt barn dáíð og eitt ungmenni, en gamalmenni var með lífi, og dó samdægurs. Lá svo það sem lifði, um hríð við sár og örkuml. Sömu nótt tók snjóflóð hjall að veggjum á Bæ í Súgandafirði með miklu af matvælum of flutti út á sjó, og fjárhús á Gelti í sömu sveit með 20 fjár í, er allt fórst. Fjárhús í Vatnsdal í sama firði fórst og með fé öllu. Varð fyrir snjófallinu maður, er gekk frá húsinu heim til bæjar, en varð bjargað með litlu lífi (**Annáll nítjándu aldar**).

1820: SNJÓFLÓÐ Hallgrímur bóndi í Hvanndölum fórst í snjóflóð (**Annáll nítjándu aldar**).

1821: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók bóndann frá Birnustöðum í Dýrafirði (**Annáll nítjándu aldar**).

1823: SNJÓFLÓÐ 6 menn fórust í snjóflóðum (**Annáll nítjándu aldar**).

1825: SNJÓFLÓÐ Sauðlauksdalskirkja á Barðaströnd skekktist (snjóflóð?), og snjóflóð tók nokkurn hluta baðstofu á Reynishverfi í Mýrdal eystra, með einum manni, er fórst (**Annáll nítjándu aldar**).

1827: SNJÓFLÓÐ Aðfaranótt hins 28. desember braut í leysingu snjóflóð bæinn Hryggi við Gönguskörð, dó þar inni kvenmaður og barn (**Annáll nítjándu aldar**).

1828: SKRIÐUR Skeiða hljóp á bæinn í Skörðum og varð þar undir barn og kerling, er dóu bæði (**Annáll nítjándu aldar**).

1828: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð tók um veturinn Hryggi á Skörðum í Skagafirði, og eitt barn og vinnukonu (**Espólin**).

1827: SNJÓFLÓÐ Ólafur nokkur frá Dalabæ fórst í snjóflóði í Herkonugili (**Annáll nítjándu aldar**).

1836: SNJÓFLÓÐ 18 s.m. (des.) aðfaranótt hans, tók snjóflóð bæinn Norðureyri í Súgandafirði með öllu sem í var. Fórust þar 6 menn, en 4 náðust lifandi, mjög þjakaðir; önnur húsfreyjan, því að tvíbýli hafði þar verið, annar roskinn kvenmaður og tvö börn (**Annáll nítjándu aldar**).

1836: SNJÓFLÓÐ Nóttina milli 17.-18. desember tók snjóflóð bæinn Norðureyri í Súgandafirði, urðu þar 10 menn undir, 4 varð bjargað, en 6 fórust (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**)

1836: SNJÓFLÓÐ Í desember tók snjóflóð 5 hross á Unadalsafretti og 12 í Skíðadal í Vaðlasýslu (**Annáll nítjándu aldar**).

1839: SNJÓFLÓÐ S.d. (23. des.) hljóp snjóflóð fyrir framan Staðarhól í Siglufirði ofan í sjó og yfir fjörðinn, sem er hér um bil 400 faðmar á breidd og 20 faðma djúpur, og ruddi sjónum undan sér upp á land fyrir framan kaupstaðarhúsin, losaði um 7 skip á hvolfum, stór og smá, og skemmdi eða braut þau meir og minna (**Annáll nítjándu aldar**).

1841: SNJÓFLÓÐ 22. nóvember fórust í snjóflóði bændur tveir frá Vík í Héðinsfirði: Jón Jónsson, kallaður eldri, orðlagður formaður, og Jón yngri Jónasson prests að Reykholti (**Annáll nítjándu aldar**).

1841: SNJÓFLÓÐ Sigurður Hallsson frá Hvammi í Hjaltadal, ungur drengur og mannvænlegur, varð fyrir snjóflóði og týndist (**Annáll nítjándu aldar**).

1843: SNJÓFLÓÐ Jón Sigurðsson úr Skutulsfirði fórst í snjóflóði á Breiðdalsheiði (**Annáll nítjándu aldar**).

1849: SNJÓFLÓÐ 11. febrúar tók snjóflóð heyhlöðu í Stapadal við Arnarfjörð með heyi í, fjárhús með 40 sauðum og 30 gemlingum, spela hjall með veiðarfærum og nýju sexæringsskipi og flutti á sjó út. Fjárhús fórst og með sauðkindum í Gjörfidal í Ísafjarðarsýslu og annað á Geirmundarstöðum í Steingrímsfirði og víða urðu skemmdir af skriðum. Þrjú hross fórust og í snjóflóði frá Silfrastöðum í Skagafirði og eitt hrapaði til dauðs (**Annáll nítjándu aldar**).

1849: SNJÓFLÓÐ/SKIÐUR Í 22 viku sumars skaðar af snjóflóðum og skriðum (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1850: SNJÓFLÓÐ Um veturinn týndist maður úr Dýrafirði í snjóflóði og var sagt, að bæri á sama dag og stúlka frá sama bæ færast veturinn áður. Það slys hef ég þó hvergi fundið það ár (**Annáll nítjándu aldar**).

1851: SNJÓFLÓÐ Maður í Reyðarfirði, er var að skjóta rjúpur, fórst í snjóflóði (**Annáll nítjándu aldar**).

1852: SNJÓFLÓÐ 1. nóvember fórst húsmaður, Jón Ólafsson, í snjóflóði í Bessahlaðnaskarði í Öxnadal. Hann var í kindaleit (**Annáll nítjándu aldar**).

1854: SNJÓFLÓÐ Tveir menn lentu í snjóflóði í Sauðárgili, nálægt Göngustöðum í Skagafirði, og fórst annar þeirra (**Annáll nítjándu aldar**).

1855: SNJÓFLÓÐ 9. nóvember fórst í snjóflóði Eiríkur Einarsson, merkisbóndi frá Þorgrímsstöðum í Breiðdal (**Annáll nítjándu aldar**).

1855: SNJÓFLÓÐ Annan páskadag fórst Guðmundur Oddson frá Neshjáleigu í Loðmundarfirði í snjóflóði skammt frá því, er Oddur Ögmundsson hrapaði haustinu áður (**Annáll nítjándu aldar**).

1856: SNJÓFLÓÐ 8. desember gekk unglingsmaður, Jóhann Kristján Ólafsson á Neðri-Glerá í Eyjafirði, að heiman með byssu á rjúpnaveiðar. Fannst hann eigi síðan og var talið víst, að hann mundi hafa farist með snjóflóði í gljúfrum þeim, er Glerá fellur eftir (**Annáll nítjándu aldar**).

1857: SNJÓFLÓÐ Sömu nótt féll snjóflóð yfir bæinn að Hlíð í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, og brotnaði niður undan því eldhúsið, bóndinn Jón Markússon var þar þá staddur og vinnukona, var hann að baka sig yfir eldinum, og maka með áburði við meinsemd sinni, hrotu þau bæði ofan á eldinn og gátu enga björg sér veitt, lágu þau þar þangað til veðrinu slotaði og menn urðu til kallaðir að bjarga þeim, stúlkuna sakaði lítið, en bóndinn var svo skemmdur af brunanum að hann var talinn af (**Annáll nítjándu aldar**).

1859: SNJÓFLÓÐ Það var í síðustu viku þorra, að tveir menn urðu fyrir snjóflóði í Hlíðarkoti í Fróðárhverfi, voru þeir búendur þar, annar Jón Jósefsson, ungur maður frá Kambi í Breiðuvík og Þórður Þórarinnsson. Voru þeir að reka frá húsdyrum og lítill veggjarkampur á milli þeirra, en þótt flatlent væri þar sem flóðið var ofan komið, veltust þeir í því þangað til Þórður gat rétt sig við og komist á fætur og gat losað sig, en Jón fórst þar (**Annáll nítjándu aldar**).

1861. SNJÓFLÓÐ Seint í sama mánuði féll snjóflóð á bæinn Fögruhlíð í Neshrepp innri. Fórst í því einn maður og 30 sauðkindur (**Annáll nítjándu aldar**).

1861. SNJÓFLÓÐ Þá var talsverð fannkoma víða og tók snjóflóð á bæinn Fögruhlíð í Neshrepp innri (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1862: SNJÓFLÓÐ 31 s.m. (jan.) féll snjóflóð á tvö beitarhús á Þröm í Garðsárdal austan Eyjafjarðarár, sem tók talsvert af heyi, er stóð á baki húsanna, en braut annað þeirra inn og drap 19 af 22 sauðum. Í hinu húsinu voru líka sauðir, en þá sakaði ekkert (**Annáll nítjándu aldar**).

1862: SNJÓFLÓÐ Í sama mánuði (nóv.) höfðu fimm menn farið í sauðaleit í Silfrastaðafjall í Skagafirði, og er þeir gengu upp eftir gili nokkru og stóðu þar á mikilli hengju, ein þeirra litlu ofar, sprakk hún og þeir fjórir niður er stóðu á henni og fluttust með henni ofan á láglandi; hafði einn þeirra lítið lent niður í flóðinu komst því á fætur, en sá þá jafnframt hver einn hinna var að mestu í kafi í því, er hann þó fékk bjargað, hinir tveir fundust ekki fyrr en degi síðar, eða lengra var fráliðið, var haldið

að þeir hefðu þegar kafnað; hétu þeir Páll Schram frá Þorleifsstöðum og Sigvaldi Pálsson frá Úlfsstöðum (**Annáll nítjándu aldar**).

1863: SNJÓFLÓÐ ...Þeir gengu út aftur í verið undir Búlandshöfða; er þar stórgrýtta urð yfir að fara, en ófærð á vetrum að ganga annan veg eftir höfðanum, þá frost og snjóflóð banna. Nú spýttist snjóflóð af klettinum ofan yfir þá; tók það Bjarna og Narfa og kastaði á sjó fram; Hallgrímur gekk fáa faðma undan þeim og féll því flóðið með minna afli á hann, kom hann fyrir sig staf sínum svo hann kollvarpaðist eigi; sá hann þá ekkert til förunauta sinna, og það eitt að rakki sá, er með þeim flaut dauður fram á sjó. Rak þá Bjarna og Narfa litlu síðar, en Hallgrímur komst af (**Annáll nítjándu aldar**).

1866: SNJÓFLÓÐ 17. s.m. (nóv.) lentu tveir menn í snjóflóði, er áttu heima á Stóru-Þverá í Fljótum. Annar þeirra fannst dauður í því, en hinn með lífi og sýnilegast að hann mundi eigi lengi lifa, hjarnaði hann þó við og lifði lengi síðan, en hann hafði skakkan fót og varð aldrei jafngóður, hann hét Baldvin (**Annáll nítjándu aldar**).

1866: SNJÓFLÓÐ Eftir veturnætur féll snjóflóð á Ámá í Héðinsfirði, er tók með sér og drap nálægt 40 fjár og 7 hross (**Annáll nítjándu aldar**).

1869: SNJÓFLÓÐ 6. janúar fórust tveir menn frá Hnappavöllum og Hnappavallahjáleigu í Öræfum í snjóflóði (**Annáll nítjándu aldar**).

1869: SNJÓFLÓÐ 7. s.m. (nóv.) fórst í snjóflóði Baldvin Ólafsson að Ósbrekku í Ólafsfirði, nálega fertugur að aldri. Annar maður lenti og í því, en komst sjálfur úr því aftur. Um daginn hafði fé verið rekið til beitar þar fram í fjall, en Baldvin varað við að reka lengra en á svæði, sem hann tiltók, því frammar eða utar væri snjóflóðahættara. Hafði Baldvin síðan farið að lesa húslesturinn og að því búnu farið út til að líta eftir fénu, er var þá komið á þær stöðvar, sem hann hafði varað við. Hljóp hann því fram þangað ásamt öðrum manni, en í því fleygaðist úr fjallinu lítið snjóflóð ofan á þá. Sást þegar að var komið aðeins í fæturna á Baldvin, en er hann náðist var hann örendur. Var brot eða gat á höfði hans sem eftir stein (**Annáll nítjándu aldar**).

1871: SNJÓFLÓÐ ...en um austurhluta Norðurlands voru frost og fannkomur fram undir lok janúarmánaðar, þó hlánaði stundum dag og dag, og gjörði blota og kaföld. Hlupu þá snjóflóð sumstaðar fram á Norðurlandi og gjörðu tjón nokkurt á fénaði manna og heyjum (**Fréttir frá Íslandi 1871**).

1871: SNJÓFLÓÐ 17 s.m. (jan.) féll snjóflóð á Krakavöllum í Flókadal í Vestur-Fljótum, er tók hús með tveim hestum og fjárhús með fimm sauðum, 40 hesta af heyi og einn mann. - 18. s.m. (jan.) féll snjóflóð á Grund í Ólafsfirði, er tók fjóshey með tveim kýrfóðrum af töðu. Fyllti flóðið hústóft bak við bæinn, féll síðan fram af bæjarhúsunum og braut bæjardyrarhurðina. Varð fólkið að flýja bæinn. - 18. s.m. (jan.) féll snjóflóð á Anastaði í Sölvadal í Eyjafirði, er braut inn hús, tók af hey og banaði 18 sauðkindum. Fólkið bjargaðist með naumindum út úr bænum og komst yfir að Draflastöðum hinumegin árinna. (Greinileg frásögn af atburði þessum eftir bóndann á Anastöðum, Ólaf Stefánsson, er í Norðanfara 23. sept. 1871, bls. 81.) (**Annáll nítjándu aldar**).

1871: SNJÓFLÓÐ Þá hlupu sumstaðar snjóflóð á Norðurlandi og gjörðu tjón á fénaði og heyjum, kvað mest að því á Ánastöðum í Sölvadal í Eyjafirði, á Krakavöllum í Flókadal í Vestur-Fljótum og á Grund í Ólafsfirði, en hvergi urðu mannskaðar af snjóflóðum (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1872: SNJÓFLÓÐ Tveir menn fórust í snjóflóði fyrir utan Ketilsstaði í Jökulsárhlíð (**Annáll nítjándu aldar**).

1872: SNJÓFLÓÐ Milli Öxnadalshéiðar að vestan og Reykjaheiðar að austan var aftur allmikil fannkoma í janúarmánuði, einkum þegar á leið mánuðinn. Snjóflóð hlupu fram um þær mundir á nokkrum stöðum nyrðra, og ollu nokkru fjártjóni, einkum í Suður-Þingeyjarsýslu (**Fréttir frá Íslandi 1872**).

1874: SNJÓFLÓÐ/SKIÐUR? Óveðrakafli þessi byrjaði þar 28. sept. með landnorðanstriggingu, en síðan komu krapa- og frosthriðir, svo varla var úr húsum farandi, þá kyngdi niður miklum fönnum, einkum til dala og fjalls, fé fennti þá allvíða og varð undir skriðum og sjóflóðum, en sumt hrakti, hey fuku víða og hús skemmdust, en skip sleit upp og bátar brotnuðu (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1876: SNJÓFLÓÐ 17. nóvember fórust tveir menn í snjóflóði í Drangafjalli, Hörgárdalsmegin. Áttu þeir heima á Hrauni í Öxnadal og voru í kindaleit (**Annáll nítjándu aldar**).

1878: SNJÓFLÓÐ 2 menn fórust um haustið í snjóflóði í Svarfaðardal (**Fréttir frá Íslandi 1878**).

1878: SNJÓFLÓÐ 26. s.m. (okt.) fórust tveir menn í snjóflóði í Svarfaðardal, á svonefndum Holtsdal (**Annáll nítjándu aldar**).

1878: SNJÓFLÓÐ Seint í okatóber dundi annað áfellið yfir allt land með miklu ofsavæðri og snjó. Það stóð einnig nálægt viku (20.-26. okt.). Þá týndist sauðfé svo hundruðum skipti í Skagafirði, Húnavatnssýslu, Dölum og á Mýrum. Þök fuku þá af húsum, hey rauf og fauk, sjógangur var og mikill og landbrot sumstaðar, skip og báta tók upp og braut, en 5 kaupskip sleit upp og ráku í land, en menn komust af. Sumstaðar sópaði sjórinn burt fjárhúsum með öllu fénu, en sumstaðar urðu snjóflóð (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1881: SNJÓFLÓÐ 5. s.m. (febr.) voru þrír menn úr Ólafsfirði á ferð yfir Dranga, sem er fjallvegur milli Upsastrandar og Ólafsfjarðar. Er þeir fóru upp Drangabrekkuna, sáu þeir hvar snjóflóð tók sig upp og stefndi á þá. Hjóp þá einn þeirra, Friðrik sýslunefndarmaður Þorsteinsson frá Vatnsenda, til hliðar, og náði flóðið að bera hann með sér aðeins fáa faðma, en hinir lentu algerlega í því og bárust með því uns það staðnæmdist. Gróf Friðrik þar til og fann þá báða. Var þá annar lifandi, en þjakaður mjög, en hinn var örendur (**Annáll nítjándu aldar**).

1882 SNJÓFLÓÐ Rétt eftir nýjárið setti niður snjó allmikinn í Múlasýslum, en 13. dag janúarmánaðar gjörði hláku mikla og tók allt upp. Í hláku þessari bar að hendi slys eitt í Seyðisfirði. ...í fjallið norðan við kaupstaðinn hafði safnast fönn mikil á undan, og þegar hlánaði, stíflaðist vatn mikið við snjóinn, og hjóp síðan allt fram, bæði snjó- og vatnsflóð. Fyrri flóðið skall á brauðgjörðar- og veitihúsi, er J.Chr.Thostrup bakari átti, skekkti það og færði úr stað, mölvaði glugga, og fyllti kjallarann og þau herbergin, er að fjallinu sneru. Var þetta um háttatíma.

Konan úr húsinu var þá flutt í næsta hús, íbúðarhús, er verslunarmaður, Jónas Stephensen að nafni átti. Hátaði konan þar og 3 börn, er Jónas átti. En er þau voru nýháttuð, skall á annað flóðið, sem kólfi væri skotið. Kom það á mitt húsið, sleit úr því miðpartinn, og spýtti því fram á sjó, en gaflarnir stóðu eftir. Konurnar og börnin sváfu í miðhlutanum, fóru með. Eitt barnið náðist þegar í flæðarmálinu lifandi. Þá voru bátar settir fram á krapflóð, er um sjóinn flæddi, og fundust þá báðar konurnar lifandi og heilar í krapanum, en börnin voru týnd. Flóð þessi voru fleiri, en eigi eins sviþleg, og tóku þó nokkur naust og báta. Skaðinn var metinn yfir 12000kr., þar af skaði Thorstrup um 8000, og Jónasar um 3500 kr. Auk þess misstu og aðrir ýmislegt, bæði báta og fl. er heyrir til sjávarútvegi (**Fréttir frá Íslandi 1882**).

1882: SNJÓFLÓÐ Rétt eftir nýjár setti niður allmikinn snjó á Austurlandi, en 13. janúar gerði hláku mikla og tók allt upp, og sumstaðar urðu þá snjóflóð mikil og gerð eitt þeirra mikinn skaða á Seyðisfirði, tók tvö hús, skekki og mölvaði annað, en rak hitt út á sjó, og þar týndust tvö börn (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1882: SNJÓFLÓÐ 13 s.m. (jan.) að kveldi féll snjóflóð yfir Fjarðaröldu við botn Seyðisfjarðar. Varð fyrst fyrir því hús eitt, er stóð uppi undir fjallinu, reist fyrir tveim árum og eitt af stærstu og vönduðustu húsunum á Seyðisfirði, notað fyrir brauðgerð og veitingar. Þegar flóðið skall á húsinu, laskaðist það mjög og færðist um 3 álnir úr stað. Flóðið æddi inn í þau herbergi, er að fjallinu vissu, en fólkinu, sem þar var tókst að bjarg með allmiklum örðugleikum. Kjallarann hafði fyllt af vatni og krapa. Var þar maður einn staddur, og varð að brjóta gólfið yfir honum til þess að ná honum. Stóð hann þá í vatni allt til höfuðs. Áður en þessum manni varð bjargað, hafði annað flóð komið litlu utar og lent á íbúðarhúsi nokkru, er stóð rétt við sjóinn. Hafði kona úr brauðgerðarhúsinu verið flutt í þetta hús, eftir að henni bar bjargað úr sínu húsi, og var hún ásamt konunni í þessu húsi og þremur börnum hennar lögst þar til hvíldar, þegar voðinn dundi yfir að nýju. Flóðið braust eins og fallbyssuskot gegnum mitt húsið, en í þeim hluta þess var herbergið, þar sem konurnar og börnin hvíldu. Tók flóðið allan þennan hluta hússins og það, sem þar var inni, og bar út á sjó. Eitt barnanna náðist lifandi í flæðarmálinu. Konurnar og hin börnin hreif flóðið með sér langt út á sjó. Menn brutust í dauðans ofboði í náttmyrkrinu gegnum íshroðann á báti út til þeirra, og þótt furðulegt megi þykja náðust báðar konurnar með lífi og óskaddaðar, en tvö barnanna týndust. Auk hinna tveggja íbúðarhúsa eyðilagði flóðið tvo fiskiskúra með allmiklu verðmæti í, nokkra báta og ýmislegt annað. Eigandi brauðgerðarhússins, er fyrir flóðinu varð, og húsráðandi þar var J. Chr. Thostrup og kona hans, er tvisvar var fyrir voðanum. Í hinu húsinu, er fórst, bjó eigandi þess, Jónas Þ. Stephensen verslunarmaður og kona hans, er fylgdi börnum sínum út í dauðan, en bjargaðist sjálf á undursamlegan hátt. Eignatjón Thostrups var metið kr. 8000.00. en Stephensen kr. 3500.00 (**Annáll níttjándu aldar**).

1882: SNJÓFLÓÐ 15 s.m. (nóv.) gengu tveir menn, Friðrik Abrahamsson og Ólafur Stefánsson frá Miklagarði í Eyjafirði, í fjárleit. Á heimleiðinn féll á þá snjóflóð, er hreif þá báða með sér. Friðrik meiddist ekki og tókst honum um síðir að brjótast upp úr fönninni, en var þó allþjakaður. Litaðist hann þá um eftir Ólafi, en varð hans hvergi var. Hélt hann þá heimleiðis og náði til bæjar litlu fyrir dagsetur. Var þegar brugðið við að leita Ólafs og fannst hann um nóttina mjög nálægt bæli Friðriks, en var þá þöndur (**Annáll níttjándu aldar**).

1883: SNJÓFLÓÐ Hinn 2. dag febrúarmánaðar hljóp snjóflóð á bæ þann, er Njarðvíkurstekk heitir í Borgarfirði eystra. Það hljóp á bæinn um nótt, og sópaði honum og 9 manns, sem þar átti heima, að öllu á burt. Eftir 3 dægur fundust 3 lifandi,

2 synir bónda og vinnustúlka. Höfðu þau heyrt dauðastunur hinna, og voru farin að finna nályktina af þeim. Hjónin, móðir bónda, barn þeirra, fósturbarn og vinnukona dóu þar aumkunnarlegum dauða (**Fréttir frá Íslandi 1876**).

1883: SNJÓFLÓÐ 2. febr. að næturlagi féll snjóflóð á bæinn Stekk í Njarðvík við Borgarfjörð eystra. Tók af öll bæjarhús og létust þar 6 menn af 9, sem á heimilinu voru, bóndinn, Guðmundur að nafni, móðir hans, kona hans, barn þeirra hjóna á 3. ári, fósturbarn og vinnukona. Voru þau öll nema vinnukonan í öðrum enda baðstofu og féll veggurinn inn á þau. Tveir synir hjónanna og tvær vinnukonur voru í hinum enda baðstofu. Þar féll og inn veggur, en þakið bar þar svo af þeim, að bræðurnir og önnur vinnukonan héldu lífi. Lágu þau innibýrgð frá því aðfaranótt föstudags og fram á laugardag. Bar þá gest að bænum af hendingu, er sá verksummerki og sagði frá. Var þá þegar grafið í rústirnar og þeim bjargað, er á lífi voru (**Annáll níttjándu aldar**).

1885: SNJÓFLÓÐ 26 s.m. (febr.) um nóttina hljóp snjóflóð á tvo bæi í Naustahvamm í Norðfirði. Voru það ekkjur tvær er það bjuggu. Á öðrum bænum þar nærri varð vart við, þegar snjóflóðið féll. Var mönnum þegar safnað til þess að grafa í rústirnar. Náðist allt fólkið lifandi á öðrum bænum, fernt að tölu, og hafði þá legið sjö stundir í snjónum. Á hinum bænum fórst gömul kona og tvö börn. Víðar eystra féllu snjóflóð um þessar mundir, hrifu með sér peningshús og hjalla, en ekki er getið um manntjón (**Annáll níttjándu aldar**).

1885: SNJÓFLÓÐ ...þó tóku snjókyngjurnar út yfir á Austurlandi. Janúar var þó víða góður, en svo hlóð snjó niður í sífellu mestallan febrúar, og sökum þeirra dæmafáu snjóþyngsla, er þá komu urðu þar tíð geysimikil snjóflóð, er gerðu ógurlegan skaða og manntjón. ...Slysfarir og skaðar urðu talsverðir og sumir á dæmalausán hátt, eins og hið voðalega snjóflóð á Seyðisfjarðaröldu 18. febr. Það kom kl. 8 um morguninn úr falli þar rétt fyrir ofan kaupstaðinn. Voru menn ekki almennt risnir úr rekkju. Dimmdi svo yfir, þegar snjóflóðið féll, að sýnilegur munur varð á birtu í kaupstaðnum. Sópaði flóðið 15 íveruhúsum að miklu leyti út á sjó eða skildi þau eftir mölbrotin í fjörunni auk fjölda úthúsa. Urðu eitthvað um 80 menn fyrir flóðinu og létust þar af 24, en margir limlestust að auki. Var hryllilegt að koma þar að. Úr öllum áttum heyrðist óp og vein, og menn komu naktir allstaðar að um snjóinn. Helstur þeirra manna er fórust, var Cand. pharm. Markús lyfsali Ásmundsson Johnsen frá Odda (fæddur 1855). Hann hafði fengið konungsleyfi 1883 til að setja lyfjabúð á Seyðisfirði og hafði þá nýlega lokið því, en hún fór með öllu, er í var. Eignaskaðinn bar alls metinn á 55600 kr. Fyrir utan atvinnumissi og skuldir. Misstu margir þar aleigu sína. Var þegar gengist fyrir samskotum bæði um Ísland, Noreg og Danmörku, og safnaðist allmikið fé til styrktar hinum bágstöddu og hús villtum, og forstöðunefnd hallærissamskotanna íslensku í Kaupmannahöfn sendi þangað 10000 kr, virði af þeim til útbýtingar. Alls voru samskotin orðin um 14000 kr., er síðast fréttist mest af Austur- og Norðurlandi, og allmikið frá Noregi. Manntjón og skaðar af snjóflóðum urðu annars víðar, einkum á Austurlandi, og stafaði það af hinni áköfu fannfergju, sem að framan er lýst. Þannig tók snjóflóð bæinn Naustahvamm í Norðfirði 26. febr. um nóttina. Urðu þar 9 menn fyrir því, og náðust 6 þeirra úr fönninni eftir 7 klukkustundir, en 3 létust. Auk þess fóru víða peningshús og hjallar í snjóflóðum (**Fréttir frá Íslandi 1885**).

1885: SNJÓFLÓÐ Á Austurlandi var janúar víða góður, en svo hlóð snjó niður í sífellu mestallan febrúar, og sökum dæmalausra snjóþyngsla urðu þar tíð og

geysimikil snjóflóð, er gerðu ógurlegan skaða og manntjón. Hinn 18. febrúar gekk voðalegt snjóflóð yfir Seyðisfjarðaröldu, kl. 8 um morguninn, sópaði flóðið 15 íveruhúsum að miklu leyti út á sjó eða skildi þau eftir mölbrotin í fjörunni, auk fjölda úthýsa, urðu eitthvað um 80 menn fyrir flóðinu og létust af þeim 24, en margir meiddust og limlestust. Eignaskaðinn var metinn á 55,600 kr. Var á safnað samskotum handa því fólki, er misst hafði eignir sínar og atvinnu, og söfnuðust 14 þús. kr., mest frá Austur- og Norðurlandi og frá Noregi, og 10 þús. kr. voru veittar af forstöðunefnd hallærissamskotanna. Hinn 26. febrúar tók snjóflóð bæinn Naustahvamm í Norðfirði eystra, urður 9 menn fyrir því, og náðust 6 þeirra úr fönninni eftir 7 klukkustundir, en 3 létust. Auk þess fóru víða peningshús og hjallar í snjóflóðum (**Árferði á Íslandi í 1000 ár**).

1885: SNJÓFLÓÐ Nyrðra var fannfergjan svo mikil langan tíma af vetrinum, einkum þó í febrúar, að elstu menn mundu eigi aðra eins. Víða fóru bæir í kaf. Þó tóku snjókyngjurnar út yfir á Austurlandi. Þar hlóð snjó niður í sífellu mestallan febrúar. Sökum þeirra dæmalausú snjóþyngsla, er þá komu, urðu þar tíð geysimikil snjóflóð, eins og síðar getur. - 18 s.m. (febr.) gerðist sá skelfilegi atburður, að snjóflóð féll úr fjallinu Bjólfstindi við Seyðisfjörð, sópaði brott að mestu á sjó út 14 íbúðarhúsum á Seyðisfjarðaröldu og varð 24 mönnum að bana. Í íbúðarhúsum þessum bjuggu alls yfir 80 man. Margir þeirra, sem lifðu, meiddust og slösuðust meira og minna. - Snjóflóð þetta féll klukkan rúmlega 8 um morguninn. Voru menn almennt ekki risnir úr rekkju. Um leið og snjóflóðið féll, dimmdi mjög yfir. Flóðið féll yfir miðja Ölduna, en svo nefndist aðalkaupstaðarbyggðin við Seyðisfjarðarhöfn. Húsin 14, sem flóðið hreif með sér, sópuðust ýmist gersamlega á sjó út eða fram í flæðarmál, þar sem þau lágu mölbrotin. Einnig var margvíslegt brak úr íbúðarhúsunum og fjölda útihúsa víðs vegar á grundinni milli fjalls og fjöru. Þarna var hryllilegt um að litast. Úr öllum áttum heyrðust óp og vein þeirra, sem fyrir snjóflóðinu höfðu orðið. Komu menn naktir hvaðanæva, vaðandi gegnum snjó og ís. Þegar hinn sama dag og flóðið féll var unnið að því af kappi fram í myrkur að grafa eftir fólki, og heppnaðist að ná nokkrum með lífi úr snjóskriðunni. Barn eitt, sem náðist, var að sjá andvana, kalt og hálfstirðnað, en lifnaði við lífgunartilraunir læknisins. Haldið var áfram að grafa í snjónum og rústunum dag eftir dag, eftir því sem fært var fyrir illviðri, sem stóð vikum saman með hinni mestu fannkomu (**Annáll nítjándu aldar**).

1886: SNJÓFLÓÐ Í febr. (aðfaranótt hins 4.) hljóp snjóflóð á Sævarenda í Fáskrúðsfirði. 4 menn, er sváfu undir lofti, týndu lífi, en fólk (8), er var á lofti, bjargaðist út um gluggana (**Fréttir frá Íslandi 1886**).

1886: SNJÓFLÓÐ 4. febr. að næturlagi hljóp snjóflóð á bæinn Sævarenda í Fáskrúðsfirði. Fólk, sem svaf uppi á lofti, komst út um gluggann, en fjórir menn, sem sváfu undir lofti, týndu lífi (**Annáll nítjándu aldar**).

1886: SNJÓFLÓÐ Í desember (21.) fórst ungur maður í snjóflóði í Gilsárdal í Eyjafirði, og (20.) 3 menn frá Villingadal á Ingjaldssandi vestra. Einn þeirra, bóndinn þar, Jón Jónsson, 25 ára, frá ungri konu og 3 börnum kornungum. Urðu alls 5 menn fyrir flóðinu, en 2 komust úr því skemmdir (**Fréttir frá Íslandi 1886**).

1894: SNJÓFLÓÐ Snjóflóð féllu nokkur á Austfjörðum í janúar, og gjörði þar nokkurn skaða á útihúsum. Mest var tjónið á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði. Þar tók snjóflóð allmikið hey frá húsi og drap um 30 sauði, er í húsinu voru (**Fréttir frá Íslandi 1894**).

1895: SNJÓFLÓÐ Í des. (7.) týndist í snjóflóði maður frá Fagradal í Mýrdal (**Fréttir frá Íslandi 1895**).